

## 8. fundur stjórnar foreldrafélags Helgafellsskóla

Dagsetning: 18. febrúar 2020.

Mætt: Elín María Jónsdóttir, Elín Anna Gísladóttir, Laufey Bjarnadóttir, Steinunn Björk Halldórsdóttir, Ólafur Dan Snorrason og Anna Aurora Waage.

Rósa Ingvarsdóttir skólastjóri sérstakur gestur.

Byrjuðum kl. 20:06

### **Sveitaferð**

Búið er að panta ferð fyrir leikskólann í Miðdal í Kjós, Laugardaginn 23. maí kl. 10:30.

Rósa mun skoða hvort hægt er að fá tilboð í rútu. Ef ekki þá verður farið á einkabílum.

Foreldrafélagið greiðir fyrir börnin á leikskólanum. Fjölskyldur barnanna velkomnar með, kostar 630 kr. á manninn.

Foreldrafélagið mun bjóða uppá pylsur. Stefnt að því að árgangafulltrúar leikskólans sjái um það á staðnum.

Skráning verður í lok apríl/byrjun maí.

### **Vöflukaffi á leikskóladeild**

Stefnt að því að foreldrafélagið baki vöflur á leikskóladeildinni og bjóði foreldrum leikskólans í vöflukaffi.

Rósa mun finna dag með leikskóladeildinni, stefnt á síðdegiskaffi.

### **Lífsleiknifræðsla Magga Stef**

Stefnt að því að fá forvarnarfræðsla frá Magga Stef.

Er styrkt af ABC barnahjálpi að fullu og er því skólanum að kostnaðarlausu.

Er fyrir foreldra og börn í 4.-6. bekk og heitir "Eiga allir að vera eins":

<http://xn--forvarnafrslan-9ib4n.is/index.php/5-bekkur-og-foreldrar-saman>.

### **Myndatökur**

Gert ráð fyrir því að festa niður skólamyndatökur að hausti. Næsta myndataka verður því haustið 2020.

Miðað við að bekkjarmyndir verði teknar árlega en einstaklingmyndir af elstu bekkjum hvers stigs. Athuga á hvort áhugi er fyrir því að taka myndir af leikskóladeildinni árlega.

Rósa verður í sambandi við ljósmyndara til að bóka dag.

### **Vorhátíð/Sumarhátíð**

Undirbúningur ekki hafinn en gert ráð fyrir svipuðu sniði og í fyrra.

Foreldrafélagið gerir ráð fyrir að taka þátt í kostnaði.

### **Foreldrarölt**

Foreldrarölt hefur verið endurvakið í Mosfellsbæ.

Helgafellsskóli hefur ekki byrjað en foreldrafélagið stefnir að því að útfæra á næstu vikum og hefja í mars.

Útfærslan verður borin undir árgangafulltrúa á fundi þann 9. mars 2020.

Fundi lauk 21:00.